

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 21, þann 20. nóvember 2015, kl. 18:00.

Mætt var frá Starfsgreinasambands Íslands, Signý Jóhannesdóttir. Frá SNS, Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta mál var tekið fyrir:

1. Nám stuðningsfulltrúa í grunnskóla og nám leikskólaliða

Starfsnám stuðningsfulltrúa í grunnskóla og starfsnám leikskólaliða er kennt á framhaldsskólastigi. Fyrir 2009 var nám stuðningsfulltrúa í grunnskóla metið til 71 eininga en síðan styttniður í 62 einingar. Með sama hætti var nám leikskólaliða fyrir 2009 metið til 71 eininga en síðan styttniður í 64 einingar.

Skilyrði fyrir mati á náminu til launa er að það nái 70 einingum. Frá árinu 2015 hafa báðar námsleiðirnar verið lengdar aftur í 79 og 76 einingar. Á því tímabili sem námið var styttni luku nokkrir einstaklingar náminu án þess að tillit væri tekið til þess við launasetningu þeirra.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að þrátt fyrir styttingu starfsnámsins á tímabilinu 2009 til 2015 skuli þeir starfsmenn sem luku námi stuðningsfulltrúa grunnskóla og námi leikskólaliða fyrir árið 2015 og starfa sem stuðningsfulltrúar í grunnskóla og sem leikskólaliðar, fá launaröðun í samræmi við aðra sem lokið hafa ofangreinum námsleiðum. Frá 1. maí 2015 raðast viðkomandi starfsmenn sem „Stuðningsfulltrúi II“ með 414 stig og sem „Leikskólaliði“ með 365 stig.

Fleira ekki gert.